

Fundargerð háskólaráðsfundar 25. janúar 2012 Fundarstaður: Guðmundur á Bifröst kl. 16.00

Mætt: María Einarsdóttir, Íris Hauksdóttir, Alma Jónsdóttir, Jón Ólafsson, Stefán Sveinbjörnsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Brynjólfur Magnússon, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Elísabet Guðrúnardóttir, Þórir Páll Guðjónsson, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Guðmundur Ólafsson og Hallur Jónasson

Felix Rafn Felixson sat á fundinum þegar vaktskýrsla 2 var tekin fyrir, hann vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Felix Rafn Felixson kom aftur inn þegar vaktskýrsla 1 var tekin fyrir og vék af fundinum undir umræðum.

Fjarverandi: Snæfríður Baldvinsdóttir og Böðvar Sigurbjörnsson.

1. Brottrestur nemanda

Þessi hluti fundargerðar ef vistaður í trúnaðargögnum háskólaráðs.

2. Húsbruni á Bifröst

Rektor fór yfir málsatvik, og greindi frá því að eftir að hafa farið ítarlega yfir málið og viðbragðstímann er þó ekki hægt að sjá annað en brugðist hafi verið við eins snögg og hægt var, þrátt fyrir erfiða færð. Nánar tiltekið þá var tímalínan þessi;

Tilkynning berst til öryggisvarðar um eldinn kl. 00.30.

Boð kemur frá öryggisverði til slökkviliðs 00.33.

Slökkvilið frá Borgarnesi er komið á vettvang 20 mín eftir útkall, en slökkvilið staðarins þó nokkru fyrr.

Frá því að bíll stoppar á staðnum og þar til eldur dauður er 8 mínútur.

Kl. 01.18 er búið að hringja í Neyðarlínu og tilkynna um eldurinn sé dauður og byrjað að reykraesta.

Slökkvilið staðarins mun funda og fara yfir aðstæður og hvort eitthvað hefði mátt gera betur, þannig að draga megi lærdóm af því sem gerðist og viðbrögðunum. Einnig munum við stjórnendur skólans í kjölfarið fara yfir það hvort við getum haft betri viðbragðastjórnun hér á staðnum í slíkum aðstæðum.

Háskólaráð fjallaði um kvartanir fjölmargra einstaklinga yfir framgögnu lögreglu á vettvangi. Fjölmargir vildu koma athugasemdum vegna þessa á framfæri við yfirstjórn skólans og telur háskólaráð rétt að rektor komi þeim athugasemdum á framfæri til lögreglu.

3. Önnur mál

Val á fulltrúa nemenda í siðanefnd skólans.

Nemendur tilnefndu Júlíu Guðmundsdóttur sem fulltrúa nemenda í siðanefnd skólans.